



Fundargerð hverfisráðs Reykjahverfis 28.03.2019

Formaður setti fund kl 20.00 í Heiðarbæ og bauð velkomin þau Hilmar Kára, Aðalheiði og Rúnar til fundar.

1. Erindi frá Bergþóru Höskuldsdóttur hjá Norðurþingi vegna bætts upplýsingaflæðis til launafulltrúa sveitarfélagsins.

Málið rætt og fundarmenn sammála um að fara fram á að þeir sem mæti á hverfisráðsfund hverju sinni fái greitt, hvort sem það eru aðalmenn eða varamenn sem mæta. Vilji ráðsins er á þá leið að við teljum styrkleika í því að hittast öll þegar við höfum tök á.

2. Rotþrær í Reykjahverfi.

Erindi hefur borist hverfisráði vegna losunar á rotþróm í Reykjahverfi. Ekki hefur tekist að koma á reglubundinni losun rotþróa sem er mjög miður því þegar kallað er eftir þjónustunni fyrir einstaka íbúa þá fellur til verulegur kostnaður sem ekki þyrti ef ferðirnar væru nýttar betur. Hverfisráð beinir því til Skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings að koma á betra skipulagi hvað þetta varðar.

3. Heimreiðar í Reykjahverfi.

Hverfisráð minnir á fyrri erindi varðandi viðhald heimreiða í Reykjahverfi og reyndar almennt í dreifbýli Norðurþings. Hér er vaxandi viðhaldspörf sem brýnt er að mæta með skipulögðum viðhaldsverkefnum. Hvetjum við til þess að Skipulags- og framkvæmdaráð vinni að og leggi fram áætlun um viðhald heimreiða og henni verði fylgt eftir í samstarfi við Vegagerðina. Í þessu samhengi óskar hverfisráð eftir upplýsingum um hverjum standi til boða nýting á samkomulagi milli Norðurþings og Malbikun Akureyrar ehf, telja má líklegt að einhverjir íbúar í Reykjahverfi vilji nýta sér þessa þjónustu.

Einnig vekjum við athygli á því að neðri hluti þjóðvegarins í Reykjahverfi er mjög ósléttur og þar er orðin veruleg slysahætta.

4. Endurnýjun hitaveitu í Reykjahverfi.

Hverfisráð fagnar áformum Orkuveitu Húsavíkur ohf um að hefja framkvæmdir við endurnýjun hitaveitulagnar í Reykjahverfi á þessu ári. Er þess óskað að skoðað verði hvort hægt sé nýta lagnaleiðina sem göngu- og hjólreiðastíga í framhaldinu. Hverfisráð minnir á að í nóvember sl. var óskað eftir því að fá framkvæmdaáætlun verksins til kynningar og umfjöllunar.

5. Félagsheimilið Heiðarbær.

Hverfisráð minnir á að félagsheimilið Heiðarbær er stór þáttur í samfélaginu í Reykjahverfi og telur mjög mikilvægt að hlúa að rekstri þess til framtíðar.

6. Snjómokstur í Reykjahverfi.

Undir þessum lið vék Rúnar af fundi. Hverfisráð minnir á mikilvægi þess að gott skipulag sé á snjómokstri í Reykjahverfi sem og í sveitarféluginu öllu, bæði á þjóðvegi og heimreiðum. Fyrirkomulag heimreiðamoksturs hefur verið í ágætu samráði við íbúa sem kjósa að þiggja þessa þjónustu og hvetur hverfisráð sveitarstjórn til að halda því fyrirkomulagi sem ríkt hefur í Reykjahverfi óbreyttu enda hefur það reynst til fyrirmynnar.

7. Sameiginlegur fundur hverfisráða Norðurþings 2. apríl nk.

Hverfisráð lýsir yfir ánægju með að haldinn verði sameiginlegur fundur hverfisráða. Telur fundurinn mikilvægt að halda tengslum milli allra hverfa Norðurþings.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl 21.38.

Hilmar Kára Þorlaksson
Ólafur Óskar Þorgrimsdóttir
Aðalheiður Þorgrimsdóttir

María Sanfomíður